



FORSÆTISRÁÐUNEYTIÐ

Stjórnarráðshúsinu 150 Reykjavík
sími: 545 8400 bréfasími: 562 4014
postur@for.stjr.is
www.raduneyti.is

Fréttatilkynning

Nr.: 10/2008

Efni: **Yfirlýsing ríkisstjórnarinnar 17. febrúar 2008**

Stöðugleiki í efnahagsmálum er meginmarkmið ríkisstjórnarinnar enda stuðlar hann að auknum hagvexti og velferð til langframa. Við núverandi aðstæður er afar mikilvægt að sköpuð séu skilyrði fyrir því að vaxtastig geti lækkað.

Kjarasamningar til þriggja ára sem grundvallast á hóflegum kauphækkunum og verulegri hækkun lægstu launa stuðla í senn að auknum jöfnuði og jafnvægi í efnahagsmálum. Ríkisstjórnin er reiðubúin, á grundvelli stefnuyfirlýsingar sinnar, að grípa til víðtækra aðgerða í því skyni að greiða fyrir gerð slíkra kjarasamninga.

1. Við vinnslu rammafjárlaga fyrir næstu fjögur ár mun ríkisstjórnin leggja til grundvallar eftirfarandi markmið á sviði skattamála:
 - Persónuafsláttur hækki um 7 þúsund krónur á næstu þremur árum, umfram almenna verðuppfærslu. Árið 2009 hækkar hann um 2.000 krónur, árið 2010 um 2.000 krónur og árið 2011 um 3.000 krónur.
 - Skerðingarmörk barnabóta verði hækkuð úr 100 þúsund krónum á mánuði fyrir einstaklinga í 120 þúsund krónur árið 2008 og 150 þúsund krónur árið 2009. Sambærilegar fjárhæðir fyrir hjón hækka úr 200 þúsund krónum í 240 þúsund krónur árið 2008 og 300 þúsund árið 2009. Tekjuskerðingarhlutföll vegna annars og þriðja barns verði jafnframt lækkuð um 1% árið 2008.
 - Ríkisstjórnin mun beita sér fyrir frekari aðgerðum til lækkunar vöruverðs, einkum á matvælum. Sérstaklega verða skoðaðar frekari lækkanir á tollum og vörugjöldum.
 - Tekjuskattur fyrirtækja verður lækkaður úr 18% í 15% frá og með tekjuárinu 2008 sem kemur til framkvæmda álagningarárið 2009.
2. Unnið verður að stefnumótun í húsnæðismálum þar sem skyldur hins opinbera verða skilgreindar og verka- og kostnaðarskipting ríkis og sveitarfélaga endurskoðuð með jafnræði milli búsetuforma og einstaklingsbundinn stuðning að leiðarljósi. Jafnframt mun ríkisstjórnin taka til endurskoðunar fyrirkomulag vaxtabóta og húsaleigubóta í samráði

við aðila vinnumarkaðarins o.fl. Þá mun ríkisstjórnin beita sér fyrir eftirfarandi aðgerðum í samstarfi við sveitarfélög:

- Húsaleigubætur hækki og verði hámarksbætur 46 þúsund krónur á mánuði í stað 31 þúsund króna. Ennfremur hækki sérstakar húsaleigubætur og skilyrði fyrir þeim verði rýmkuð svo þær nái til fleiri heimila. Samanlagt geta almennar og sérstakar húsaleigubætur því numið 70 þúsund krónum á mánuði í stað 50 þúsund króna.
 - Aukinni eftirspurn eftir leiguhúsnaði verði mætt með rýmri veðheimildum á lánum til leiguíbúða og fjölgun lánsvilyrða með niðurgreiddum vöxtum til félagslegra leiguíbúða í 750 lán á ári í fjögur ár frá og með árinu 2009.
 - **Ennfremur mun ríkisstjórnin beita sér fyrir eftirtöldum aðgerðum:**
 - Eignaskerðingarmörk vaxtabóta verða hækkuð um 35% á árinu 2008.
 - Þá mun ríkisstjórnin beita sér fyrir því að stimpilgjöld falli niður vegna lána til kaupa á fyrstu fasteign.
 - Jafnframt verður komið á húsnaðissparnaðarkerfi með skattafrádrætti, fyrir einstaklinga 35 ára og yngri, til að hvetja til sparnaðar hjá þeim sem hyggja á fyrstu kaup eigin húsnaðis eða búseturéttar.
3. Atvinnuleysisbætur hækki til samræmis við hækkun lægstu launa. Jafnframt hækki tekjutengdar hámarksbætur um sama hlutfall.
 4. Bætur almannatrygginga hækki í samræmi við gildandi lög. Þá mun nefnd á vegum félags- og tryggingamálaráðherra sem hefur það meginverkefni að gera tillögur um róttækar breytingar á almannatryggingakerfinu í því skyni að einfalda það skoða leiðir til þess að setja ákveðin lágmarksviðmið í framfærslu.
 5. Samkomulag er milli samningsaðila að hefja uppbyggingu áfallatrygginga. Fyrirhugað er að leggja nýtt 0,13% launatengt gjald, áfallatryggingagjald, á launagreiðendur samkvæmt kjarasamningum aðila. Komi þetta til framkvæmda mun ríkissjóður leggja Endurhæfingarsjóði til sömu upphæð frá og með árinu 2009. Ríkisstjórnin mun í tengslum við þetta beita sér fyrir lagabreytingum sem tryggi að greiðslur úr Endurhæfingarsjóði, sjúkra- og fræðslusjóðum stéttarfélaganna sem ganga til greiðslu kostnaðar við endurhæfingu, heilbrigðisþjónustu og tiltekna þjónustu fagaðila ásamt starfsmenntun og fullorðinsfræðslunámskeiðum sem staðfest hafa verið af menntamálaráðuneytinu teljist ekki til skattskyldra tekna hjá viðkomandi einstaklingum teljist ekki til skattskyldra tekna hjá viðkomandi einstaklingum. Jafnframt mun ríkisstjórnin taka upp viðræður við aðila um samræmingu í skattalegri meðferð greiðslu kostnaðar úr þessum sjóðum vegna forvarna og starfsmenntunar
 6. Ríkisstjórnin og aðilar vinnumarkaðarins eru sammála um eftirfarandi ráðstafanir og áherslur á sviði menntamála, með sérstakri skírskotun til menntunar fólks á vinnumarkaði með takmarkaða menntun:
 - Stefnt verði að því að eigi fleiri en 10% fólks á vinnumarkaði verði án viðurkenndrar starfs- eða framhaldsskólamenntunar árið 2020. Markvisst verði unnið að því að skapa tækifæri og hvata til menntunar fyrir fólk sem er á vinnumarkaði og hefur takmarkaða menntun. Þá eru fyrirhugaðar umbætur á framhaldsskólastigi sem leiða til þess að fleiri finni sér námsleiðir við hæfi og ljúki skilgreindu lokaprófi á framhaldsskólastigi.
 - Í undirbúningi er löggjöf sem tryggir að allir hafi tækifæri til menntunar að loknu

grunnskólanámi þar sem jafnræðis sé gætt varðandi kostnaðarþátttöku hins opinbera. Samræmi verður tryggt í fjárhagslegum stuðningi ríkisins við nám á framhaldsstigi, háskólastigi og við starfsmenntanám.

- Útlánareglur Lánasjóðs íslenskra námsmanna verða yfirfarnar með það að markmiði að gæta jafnræðis milli einstaklinga og hópa varðandi tækifæri til menntunar. Í samræmi við boðaða stefnu ríkisstjórnarinnar verður þess gætt að kostnaður nemenda á framhaldsskólastigi vegna skráningar- og efnisgjalda verði óverulegur og haldið í algjöru lágmarki.
 - Framlög til símenntunar og fullorðinsfræðslu sem nýtist fólki á vinnumarkaði verða aukin í jöfnum framlögum um 300 m.kr. á næstu tveimur árum.
7. Ríkisstjórnin mun skipa starfshóp með aðild aðila vinnumarkaðarins sem falið verði að kanna hvort og þá með hvaða hætti sé unnt að tryggja að starfsmenn með lögheimili hér á landi sem eru að störfum erlendis fyrir dótturfyrirtæki íslenskra fyrirtækja geti viðhaldið réttindum í íslenska velferðarkerfinu.
 8. Ríkisstjórnin mun beita sér fyrir breytingum á skaðabótalögum í þá veru að meðábyrgð á vinnuslysum verði ekki felld á starfsmann nema tjónið verði rakið til ásetnings eða stórfellds gáleysis starfsmannsins.

Reykjavík 17. febrúar 2008